



# SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. febrúar 2015

1502016SA  
Málalykill: 401

## **Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (virk velferðarstefna) - 416. mál 144. lþ.**

Visað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 9. febrúar sl. þar sem ofangreint þingmál er sent til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Sambandið óskaði eftir framlengdum umsagnarfresti og var orðið við því.

### **Almennt um frumvarpið og tilefni þess**

Eins og fram kemur í greinargerð er frumvarpið unnið í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og er sambandið sammála þeirri útfærslu sem þar er lögð til.

Tilefni frumvarpsins er tvíþætt:

1. Lengi hefur verið til umræðu að stuðla þurfi að betra samræmi milli reglna sveitarfélaga um fjárhagsaðstoð. Bent hefur verið á að munur milli þessara reglna sé meiri en svo að hann megi réttlæta með ólíkum aðstæðum einstaklinga og fjölskyldna eftir svæðum, m.a. út frá húsnæðis- og samgöngukostnaði.
2. Nokkur óvissa hefur gert vart við sig um heimildir einstakra sveitarfélaga til að binda fjárhagsaðstoð almennum skilyrðum. Þessi óvissa birtist m.a. í því að velferðarráðuneytið hefur talið að gildandi lög veiti sveitarfélögum ekki svigrúm til að binda fjárhagsaðstoð skilyrðum um virkni, virka atvinnuleit eða þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum.<sup>1</sup>

Framkomnu frumvarpi er ætlað að bregðast við þessum atriðum, annars vegar með því að gefnar verði út leiðbeinandi reglur til sveitarfélaga og hins vegar með því að taka af skarið um að sveitarfélögum sé heimilt að binda fjárhagsaðstoð tilteknum skilyrðum gagnvart þeim sem teljast vinnufærir að fullu eða að hluta.

### **Aðdragandi**

Fyrirliggjandi frumvarp á sér langan aðdraganda sem rekja má allt aftur til árána 1996 - 1997 þegar fram fór endurskoðun á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem að stofni til er frá árinu 1991. Við þessa endurskoðun lögðu fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga til að inn í lögin kæmi ákvæði um að sveitarstjórn væri heimilt í reglum um framkvæmd fjárhagsaðstoðar að

<sup>1</sup> Sjá svar velferðarráðuneytisins við fyrirspurn vefmiðils frá því í mars 2014: <http://www.gafhari.is/2014/ekki-heimilt-ad-skilyrda-fjarhagsadstod/>. Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála taldi hins vegar að framkvæmd Hafnarfjarðarbæjar samrýmdist lögunum, sjá: [http://www.urskurdir.is/Felagsmala/U\\_felags\\_hus/nr/7110](http://www.urskurdir.is/Felagsmala/U_felags_hus/nr/7110).



setja „almenna skilmála fyrir fjárhagsaðstoð“ eins og það var orðað.<sup>2</sup> Var ætlunin að bregðast við óvissu sem upp hafði komið varðandi heimildir einstakra sveitarfélaga til að binda fjárhagsaðstoð almennum skilyrðum.

Tillagan náði ekki fram að ganga en eftir sem áður var út frá því gengið að viss skilyrðing fjárhagsaðstoðar hefði lengi verið iðkuð athugasemdalaust með það að markmiði að koma í veg fyrir að stórir hópar fólks festust inn á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga til langframa.

Athygli vekur að þessi tillaga var á sínum tíma (1996) sett fram við ekki ósvipaðar aðstæður og nú eru, þ.e. samfara stórfelldri fjölgun viðtakenda fjárhagsaðstoðar í kjölfar efnahagslæggðar og framhaldi af því að tímabili atvinnuleysisbóta sleppti.

Tillaga í hliðstæða veru var aftur lögð fyrir Alþingi um mánaðarmótin nóvember/desember árið 2009, sem liður í frumvarpi er ætlað var að taka gildi þá um áramótin.<sup>3</sup> Tillagan var lögð fram án nokkurs samráðs við sambandið og kom því ákaflega flatt upp á sveitarfélögin. Veittur var þriggja daga frestur til þess að koma að umsögnum. Vegna þessarar tímabessu og þar sem almenn umræða hafði ekki farið fram um tillöguna á vettvangi sveitarfélaga varð það niðurstaða sambandsins að leggjast gegn því að tillagan næði fram að ganga að svo stöddu.<sup>4</sup>

Á næstu misserum þar á eftir stóð sambandið fyrir viðtækri umræðu á sveitarstjórnarstiginu, um heimildir til þess að binda fjárhagsaðstoð skilyrðum. Jafnframt var málið rætt á vettvangi Samtaka félagsmálastjóra.

Gögn um þessa umræðu eru aðgengileg á vef sambandsins<sup>5</sup> en það er á grundvelli þeirra sem sambandið hefur tekið þátt í vinnu með velferðarráðuneytinu um fyrirliggjandi frumvarp. Lögð er áhersla á að mjög góð samstaða er um málið meðal sveitarfélaga - bæði kjörinna fulltrúa og stjórnenda. Ennfremur að tillögur um skilyrðingar fela í sér heimildarákvæði sem hverri sveitarstjórn er frjálst að innleiða. Telji sveitarstjórn og aðrir stjórnendur sveitarfélaga að ekki sé rétt að innleiða skilyrðingar stendur sú niðurstaða hvað íbúa þess sveitarfélags varðar. Er það í fullu samræmi við stjórnarskrárbundinn sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga.

### **Samanburður við fyrri tíð**

Eins og áður segir hafa fyrri tillögur tengst efnahagslæggðum og er athyglisvert að skoða það samspil.

Í kjölfar efnahagslæggðar árána 1992 til 1994 fjölgaði viðtakendum fjárhagsaðstoðar mjög eftir að tímabili atvinnuleysisbóta sleppti. Hámarki náði fjöldinn á árinu 1996 en frá 1997 tók viðtakendum aftur að fækka.

Ástæður þess voru að líkindum einkum tvíþættar: Annars vegar batnandi atvinnuástand og hins vegar mikill vöxtur í nýgengi örorku.

<sup>2</sup> Sjá fylgiskjal I með frumvarpi: <http://www.althingi.is/altext/121/s/0670.html>.

<sup>3</sup> Sjá: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0314.html>.

<sup>4</sup> Sjá umsögn sambandsins: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=138&dbnr=663>.

<sup>5</sup> Sjá: <http://www.samband.is/verkefning/felagsthjonusta/fjarhagsadstod/>.



Þannig má sjá út frá tölum Tryggingastofnunar (sjá meðf. skjal) að fjöldi örorkumatsúrskurða (75%) vex um 750 milli árunum 1994 og 1995, en á síðarnefnda árinu voru slíkir úrskurðir tæplega 4.500 talsins. Önnur bylgja kom árið 1997 þegar fjöldi úrskurða er rétt um 4.450.

Aftur varð efnahagslægð á árunum 2001- 2003 með stóráuknu atvinnuleysi. Nýgengi örorku tók stórt stökk í kjölfarið, árið 2003 (4.200 úrskurðir) og áfram. Var afleiðingin sú að í lok árs 2005 hafði fjöldi einstaklinga með 75% örorkumat hjá TR fjölgað um tæplega 3.000 frá árinu 2001. Á sama tíma fækkaði þeim mjög sem fengu fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum.

Af þessum tölum má greinilega sjá það samhengi að langtímatvinnuleysi vegna efnahagslægða hefur komið fram, að fyrst fjölgi í þeim hópi sem óskar eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, en síðar í hópi þeirra sem metnir eru til örorkulífeyris. Er það í samræmi við það hlutverk sveitarfélaga að vera tímabundið öryggisnet fyrir þá sem færast á milli framfærslukerfa.

Því hefur verið haldið fram að hið sama muni eiga við nú í kjölfar efnahagskreppunnar sem hófst árið 2008. Af hálfu sambandsins er vakin sérstök athygli á því að staða mála er allt önnur nú en var í kjölfar fyrri efnahagslægða:

1. Í fyrsta lagi reyndust áföllin 2008 og áfram miklu stærri og langvinnari en áður hefur gerst á síðustu áratugum. Hlutfallslega mun fjölmennari hópar þurftu aðstoð og stuðning en var annars vegar 1992 og áfram og hins vegar frá 2001.
2. Í öðru lagi hefur fjöldi örorkulífeyrisþega þróast með allt öðrum hætti frá 2008 en sjá mátti hér áður fyrr, sbr. að ofan þar sem fjölgunin nam þúsundum á fárra ára bili. Þannig liggur fyrir að fjöldi einstaklinga með 75% örorkumat hjá TR jókst einungis um 49 milli árunum 2009 og 2010 og um 99 milli árunum 2013 og 2014. Ætla verður að breytt fyrirkomulag á starfsendurhæfingu og skilyrðum í örorkumati ráði hér miklu um.
3. Í þriðja lagi liggur fyrir, að minnsta kosti í höfuðborginni, að skráðir sjúklingar eru mjög hátt hlutfall þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð til framfærslu. Þetta eru viðbrigði frá því sem áður var og kann að helgast af því að hlutfallslega færri flytjast yfir á örorkulífeyri en áður var. Einnig kann að spila inn í að sjúkradagpeningar dugi ekki til framfærslu.
4. Í fjórða lagi hefur komið til framkvæmda breytt fyrirkomulag varðandi endurhæfingu. Áhugavert er á hinn bóginn að fjöldi einstaklinga með endurhæfingarmat hjá TR hefur ekki vaxið mikið frá 2008, eða um líðlega 320 manns (úr 1.320 í 1.642). Helst það væntanlega í hendur við framboð úrræða á vegum VIRK og annarra starfsendurhæfingaraðila, en á þessum tímamarki er hins vegar óvíst hvort þau úrræði muni standa þeim til boða sem fullnýtt hafa rétt sinn til bóta hjá Atvinnuleysistryggingasjóði (ATS) eða hafa aldrei áunnið sér þann rétt.
5. Í fimmta lagi má nefna að viðhorf til velferðarþjónustu hafa breyst mjög mikið milli kynslóða og einkum í yngsta hópi viðtakenda (18 til 25 ára).

Út frá þessum atriðum verður að draga þá ályktun að gagnvart velferðarkerfinu verði afleiðingar kreppunnar frá 2008 í grundvallaratriðum



aðrar en áður þegar efnahagsleg áföll hafa dunið yfir. Sveitarfélögin horfast þannig í augu við að lífeyriskerfi TR mun einungis taka við framfærslu tiltölulega lítils hluta þeirra sem eru og verða mögulega langtímaviðtakendur fjárhagsaðstoðar vegna atvinnuleysis og tengdra þátta. Þá er fyrirsjáanlegt að ungir viðtakendur fjárhagsaðstoðar verði hlutfallslega mun fleiri en áður var.

Af þessu leiðir að þarfir fyrir úrræði og atbeina sveitarfélaga eru gjörbreyttar frá því sem áður var. Mun færri en áður verða fyrirsjáanlega taldir uppfylla skilyrði fyrir því að fá framfærslu sína varanlega í gegnum lífeyrisgreiðslur frá TR eftir að biðtíma á fjárhagsaðstoð sleppir. Nauðsynlegt er að bregðast við þeirri stöðu með því að sveitarfélögin stuðli mun kröftugar að því en áður að fólk festist ekki inni á fjárhagsaðstoð til frambúðar.

Tekið skal fram að þessi þróun er ekki neikvæð að mati sambandsins, heldur ætti hún að skapa tækifæri fyrir sveitarfélög til þess að vinna með skjólstæðingum félagsþjónustu að endurhæfingu í víðasta skilningi. Það er þó háð því að fjárveitingar ríkisins til VIRK og starfsendurhæfingaraðila standi undir úrræðum fyrir alla hópa, en það um atriði hefur verið ágreiningur svo sem kunnugt er.

### **Samfella milli stuðningskerfa**

Því hefur verið haldið fram í umræðu um frumvarpið, að óeðlilegt sé að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga þróist í þá átt að verða einhvers konar „atvinnuleysistryggingakerfi B“.

Sambandið er algerlega ósammála þessum sjónarmiðum og leggur þvert á móti áherslu á mikilvægi þess að samfella sé milli stuðningskerfa, notendum til hagsbóta. Þannig á vinnufærum einstaklingi sem fullnýtir rétt sinn til atvinnuleysisbóta að standa áfram til boða sú aðstoð - og eftir atvikum aðhald - sem hann bjó við innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

Þar ber fyrst og fremst að horfa til einstaklingsins sjálfs og þess stuðnings sem hann þarf til þess að sjá sér og sínum farborða, fremur en að telja aðstoð sveitarfélaga af einhverjum öðrum meiði en sú sem önnur opinber framfærslukerfi veita. Undirstrikað er að stuðningsþarfir einstaklings breytast ekki eða verða aðrar við það tímamark að hann hefur fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta og sækir um stuðning frá sínu sveitarfélagi.

Sambandið hvetur velferðarnefnd til þess að afla upplýsinga frá atvinnuleysistryggingakerfinu um reynsluna af skilyrðum fyrir bótum innan þess frá 2008.

### **Virk velferðarstefna**

Vísað er til umsagnar sem borist hefur velferðarnefnd frá Akureyrarkaupstað:

Félagsmálaráð Akureyrar fagnar framkomnu frumvarpi og telur að velferðarstefna sem felur það í sér að vinnufærir einstaklingar á fjárhagsaðstoð fái markvissara inngrip með hvatningu til þess að fara út á vinnumarkaðinn sé rétt. Þannig er jákvætt að settur sé meiri rammi utanum fjárhagsaðstoðina til að minnka líkur á að fólk sé látið afskiptalaust til lengri tíma en fái þess í stað strax tilboð um aðstoð við atvinnuleit eða starfstengda endurhæfingu.



Sambandið tekur eindregið undir þessi sjónarmið og bendir á að á Akureyri er fyrir hendi mikil þekking og löng reynsla af samþættri velferðarþjónustu, m.a. félagsþjónustu og vinnumarkaðsúrræðum.

Pá er lögð megináhersla á að virk velferðarstefna í þessum anda stuðlar að því að aðstoða einstaklinga og fjölskyldur til sjálfshjálpar og er það í fullu samræmi við meginreglur laga um félagsþjónustu, sbr. einkum 1. og 12. gr. þeirra. Því má halda fram með gildum rökum, að það samrýmist einmitt ekki þessum meginreglum að líta á fólk sem afskiptalaus viðtakendur fjármuna, sbr. það sem segir í 1. gr. laganna að við framkvæmd félagsþjónustu skuli „þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar“. Er velferðarnefnd sérstaklega hvött til þess að horfa til og kynna sér verkefnið „Áfram!“ í Hafnarfirði (sbr. meðf. skýrslu) en rauði þráður þess er að félagsþjónustan veiti aðstoð til virkni, vinnu og sjálfshjálpar í stað hlutlauss fjárhagsstyrks.

### **Áhrif frumvarpsins gagnvart einstaklingum og fjölskyldum**

Að teknu tilliti til þeirra atriða sem hér hafa verið rakin er það bjargföst afstaða Sambands Íslenskra sveitarfélaga að samþykkt frumvarpsins muni hafa jákvæð áhrif gagnvart þeim einstaklingum og fjölskyldum sem óska eftir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Jafnframt er lögð áhersla á að frumvarpið skapar margvíslega samstarfs- og samskiptamöguleika milli VMST og félagsþjónustu sveitarfélaga sem án efa á eftir að verða til þess að þessir aðilar veiti markvissari og betri þjónustu. Vísað er til reynslunnar frá Hafnarfirði hvað það varðar, sbr. áður nefnda skýrslu.

Pá skapar frumvarpið möguleika á því að sveitarfélögin bæti í gagnvart þjónustu við þann hóp sem stendur höllustum fæti, með því að betur verður tryggt en áður að stuðningur fari ætíð fyrst og fremst til þeirra sem eru í mestri þörf fyrir aðstoð. Sérstaklega er áréttað að frumvarpið felur með engu móti í sér að aðstoð til veikustu hópana verði skorin niður. Þvert á móti ætti samþykkt frumvarpsins að leiða til þess að félagsráðgjafar, sérhæfðir í vinnu með þá hópa, geti sinnt þeim í auknum mæli þar sem auknir starfskraftar muni fást til þess að sinna vinnufæra hópnum. Þetta framlag verður sýnilegt með því að gerðir verða samningar um það milli Vinnumálastofnunar og félagsþjónustu, sbr. næstsíðustu málsgrein 2. gr. frumvarpsins.

Pá styður 2. mgr. einnig við innleiðingu einstaklingsbundinna áætlana fyrir þá fá fjárhagsaðstoð til framfærslu á grundvelli læknisvottorðs um óvinnufærni. Markmið þeirra áætlana felast í forvörnum og því að veita öflugan stuðning við að ná bata og fyrri færni eftir áföll, samhliða því að fjármunir renni þangað sem þörfin er brýnust. Nauðsynlegt er að efla samstarf heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu um málefni þessa hóps, og koma á samstarfi til þess að eyða gráum svæðum og stuðla að samfelli á milli þjónustukerfa.

Gagnvart viðtakendum skiptir meginmáli að þar til bært fagfólk og sérfræðingar mun fjalla um hvert mál í nánú samráði við einstaklinga og fjölskyldur. Sveitarfélögin hafa lagt áherslu á þekkingaruppbyggingu í félagsþjónustu samhliða auknum verkefnum. Félagsleg ráðgjöf er hér lykilatriði og samvinna við skjólstæðing á jafnræðisgrunni þar sem sjálfsákvörðunarréttur hans er



virtur. Með þeirri nálgun er tryggt að úrræðum sé ávallt beitt á faglegum grunni, auk þess sem viðtakendur hafa formlegar leiðir til þess að láta reyna á ákvarðanir sem viðtakendur telja þýngjandi fyrir sig.

### **Áhrif frumvarpsins gagnvart stjórnýslu sveitarfélaga**

Fyrir liggur að velflest sveitarfélög landsins hafa í sínum reglum einhvers konar ákvæði um að fjárhagsaðstoð sé bundin skilyrðum af ólíku tagi.

Verði frumvarpið að lögum munu þessi sveitarfélög þurfa að taka þessar reglur til gagnerrar endurskoðunar og leggja þar til grundvallar þær leiðbeinandi reglur sem velferðarráðuneytið gefur út. Reikna má með því að þeirri endurskoðun verði lokið hjá þorra sveitarfélaga fyrir áramót, fái frumvarpið afgreiðslu á vörþingi.

Ákvæði í reglum sveitarfélaga sem ekki eru í samræmi við breytt lög myndu eftir gildistöku skorta nauðsynlega lagastoð. Ákvarðanir sem byggja á slíkum ákvæðum væru ógildanlegar, m.a. ef máli er skotið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála (eða væntanlegrar úrskurðarnefndar velferðarmála).

Lögð er áhersla á að við endurskoðun reglna - að breyttum lögum - munu margvísleg ákvæði breytast sem í dag kunna að vera í reglum. Meðal annars er þar vísað til skilyrðinga gagnvart sjúklingum og skerðingartímabila sem eru umfram það sem frumvarpið heimilar.

Eftir sem áður er gert ráð fyrir að reglur sveitarfélaga um tillit til eigna og tekna maka verði þær sömu. Vakin er þó athygli á því að starfshópur á vegum félags- og húsnæðismálaráðherra vinnur nú að heildarendurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í þeirri vinnu verður m.a. tekin afstaða til þess að hve miklu leyti stuðningur sveitarfélaga eigi að vera einstaklingsbundinn og að hve miklu leyti hann renni til fjölskyldna / heimila.

### **Kostnaðaráhrif gagnvart sveitarfélögunum**

Eins og fram kemur í fylgiskjali I með frumvarpinu, var haft samráð við sambandið um gerð kostnaðarmats gagnvart sveitarfélögunum. Niðurstaða þess er fyrst og fremst sú að verði frumvarpið að lögum muni það skapa færi á að auka við starfskrafta í ráðgjöf og úrræðum gagnvart þeim hópi sem telst vinnufær. Nýtt fyrirkomulag mun þannig hafa í för með sér að útgjöld flytjist að einhverju marki til: frá beinum aðstoðargreiðslum yfir í störf við ráðgjöf og eftirfylgni. Jafnframt mun aukin virkni og þátttaka á vinnumarkaði að sjálfsögðu auka tekjur sveitarfélaga og má sjá merki þeirrar þróunar, m.a. hjá Kópavogsbæ þar sem mikil áhersla er lögð á atvinnuhvetjandi félagslegt starf.

Á það hefur verið bent að þessi tilfærsla bjóði upp á þá hættu að stuðningur berist þá ekki til þeirra sem á þurfa að halda. Í því sambandi skal bent á að aðstoð sveitarfélaga er ávallt veitt að undangengnu faglegu mati, sem m.a. tekur tillit til þess hvort það er líklegt til árangurs að binda aðstoð til vinnufærra því skilyrði að viðkomandi taki þátt í vinnumarkaðs- eða virkniúrræðum. Í þessu felst ákveðinn öryggisventill auk þess sem vitund um skilyrði er til þess fallin að hafa áhrif á viðhorf notenda til aðstoðar.

Síðast en ekki síst ber að líta til þess að takmörkuðu fé til aðstoðar ber að sjálfsögðu að veita fyrst og fremst til þeirra sem ófærir eru um að bjarga sér



sjálfir. Því verður vart haldið fram að þannig sé háttað um ýmsa hópa þeirra sem eru á fjárhagsaðstoð, þar á meðal þá sem eru í svartri vinnu en sækja jafnframt um fjárhagsaðstoð.

### **Nánar varðandi einstök ákvæði:**

#### Um 1. gr.:

Eins og áður segir hefur verið til umræðu að of mikið ósamræmi sé í fjárhæðum fjárhagsaðstoðar milli sveitarfélaga. Auk þess kemur réttilega fram í greinargerð með frumvarpinu að þessar fjárhæðir hafi í misjöfnum mæli tekið breytingum í samræmi við almennar verðlagsbreytingar í landinu.

Af hálfu sambandsins er bent á að þetta ástand megi að hluta rekja til þess að velferðarráðuneytið tók einhliða ákvörðun um það í upphafi árs 2011 að hætta að gefa út með formlegum hætti breytingar á vísitölu sem sammæli hafði orðið um að nota milli ráðuneytisins, sambandsins og Samtaka félagsmálastjóra.

Með ákvæðum í 1. gr. frv. er ætlunin að stuðla að því að meira samræmi verði milli sveitarfélaga auk þess að tryggja að reglulega sé farið yfir viðmiðunarfrjárhæðir og að sveitarfélögin hafi alltaf aðgang að uppfærðum fjárhæðum miðað við þróun verðlags, launa o.fl.

Sambandið lýsir sig sammála þessari leið og telur þetta jákvætt skref, enda verði náíð samráð haft um efni væntanlegra leiðbeininga og byggt á vinnu sem fram hefur farið um neysluviðmið og fleira. Minnt er á að góð reynsla hefur þótt vera af framkvæmd þeirra leiðbeinandi reglna sem gefnar hafa verið út á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks.

#### Um 2. gr.:

Þessu ákvæði er ætlað að stuðla að því - með almennum hætti - að atvinnuleitendur séu í virkri atvinnuleit þann tíma sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð og sýni vilja til að standa á eigin fótum og framfæra sjálfan sig og fjölskyldu sína.

Áhersla er lögð á að einungis sé heimilt að skilyrða fjárhagsaðstoð til þeirra sem teljast vinnufærir að hluta eða öllu leyti. Gert er ráð fyrir að ákveðin skimun fari fram innan félagsþjónustu sveitarfélaga á því hvort líkur séu á að hlutaðeigandi sé vinnufær og sé það raunin er viðkomandi vísað til Vinnumálastofnunar (VMST) þar sem hann sækir jafnframt um þátttöku í vinnumarkaðsaðgerðum á grundvelli laga um vinnumarkaðsaðgerðir, nr. 55/2006. Þannig er miðað við að áður en til skilyrðingar á fjárhagsaðstoð geti komið fari fram mat á vinnufærni hlutaðeigandi einstaklings hjá ráðgjafa VMST í samræmi við 11. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Leiði mat á vinnufærni einstaklings í ljós að viðkomandi sé ekki vinnufær að hluta eða að öllu leyti skal honum vísað til félagsþjónustu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Af hálfu sambandsins er lögð megináhersla á að skotið verði lagastoð undir þetta samstarf félagsþjónustu og VMST. Án slíkrar lagastoðar er vafasamt að það standist að sveitarfélög leggi mat á vinnufærni til grundvallar ákvörðunum sínum.



Jafnframt er undirstrikað að VMST mun þurfa að leggja fram til samstarfsins starfskrafta sína, þekkingu og reynslu. Áriðandi er að stofnuninni verði gert þetta kleift með fjárveitingum sem ekki eru bundnar því að um aðstoð sé að ræða við þá sem njóta bótaréttar hjá Atvinnuleysistryggingasjóði.

### **Samandregið**

Samband Íslenskra sveitarfélaga hvetur eindregið til þess að frumvarpið hljóti afgreiðslu á yfirstandandi þingi í samræmi við þá útfærslu sem þar er lögð til.

Jafnframt lýsir sambandið sig reiðubúið til þess að vinna fljótt og vel að því að búa til leiðbeinandi reglur fyrir fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Verður að telja raunhæft - verði frumvarpið að lögum - að nýtt fyrirkomulag geti tekið gildi um næstu áramót.

Þá er velferðarnefnd þingsins hvött til þess að styðja fyrir sitt leyti að Vinnumálastofnun fái fjárveitingar til þess að standa undir lögbundnu hlutverki sínu gagnvart þeim sem tæmt hafa rétt sinn til bóta hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, eða hafa af einhverjum ástæðum ekki áunnið sér slíkan rétt.

Af hálfu sambandsins er lögð megináhersla á að nýtt fyrirkomulag mun fyrst og fremst draga úr líkum á því að langtímaatvinnuleysi eða aðrir þröskuldar gagnvart þátttöku á vinnumarkaði leiði til heilsubrests og varanlegrar skerðingar á starfsgetu. Nálgun frumvarpsins er því í þágu einstaklinga og fjölskyldna og stuðlar að virkri velferðarstefnu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

---

Karl Björnsson  
framkvæmdastjóri

Meðf.: - Tölulegar upplýsingar frá Tryggingastofnun ríkisins  
- Lokaskýrsla Áfram! verkefnisins um breytta fjárhagsaðstoð Hafnarfjarðarbæjar, des. 2015